

Tvær umsagnir bárust við reglugerðina, annars vegar frá KPMG law ehf. og hins vegar frá Samtökum iðnaðarins.

1. Athugasemd við 1. gr. frumvarpsins.

„Í fjárhagslegri áhættu nýsköpunarfyrirtækis felst að fyrirtæki sem eigandi staðfests verkefnis eða ótengdir eigendur í samstarfsverkefni skulu bera fjárhagslega áhættu af verkefninu við fjármögnun þess.“

Í umsögn kom fram að sérstaklega beri að taka fram að ákvæðið eigi ekki við um vinnu dótturfélags við rannsókn eða þróun á hugaverkaréttindum í eigu móðurfélags. Skortur á slíku ákvæði gæti ranglega leitt til þess að dótturfélagið teldist ekki bera fjárhagslega áhættu af verkefni sínu.

Samskonar athugasemd kom fram við frumvarp til breytinga á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, sem lögfest var á haustþingi 2024, þar sem á eftir orðinu „þróunarverkefna“ í 1. mgr. 2. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, kom „sem þau bera sjálf fjárhagslega áhættu af“.

Ráðuneytið vill ítreka að ívilnun laga nr. 152/2009 nær eingöngu til nýsköpunarfyrirtækja sem eru eigendur rannsóknar- og þróunarverkefna. Nýsköpunarfyrirtæki eru lögaðilar skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Áréttað er að sú breyting sem hér um ræðir felur ekki í sér efnisbreytingu heldur er eingöngu um að ræða áréttingu á að eigandi verkefnis sé jafnframt sá aðili sem ber fjárhagslega áhættu af verkefninu.

2. Athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins.

a. Mótframlög í lífeyrissjóð og séreignasjóð.

Gerð er athugasemd við að lögð sé til sú breyting á reglugerðinni að ekki skuli lengur heimilt að nýta mótframlag launagreiðenda í lífeyrissjóð og séreignarsjóð starfsmanns, sem sinnir staðfestu verkefni, til endurgreiðslu á grundvelli laganna. Þetta sé í beinni mótsögn við upphafsákvæði 5. gr. reglugerðarinnar sem vísar sérstaklega til frádráttarbærs kostnaðar skv. 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Rétt er að áréttá að þótt kostnaður teljist frádráttarbær skv. 31. gr. laga um tekjuskatt þá þarf hann ekki að vera styrkhæfur. Hins vegar þarf styrkhæfur kostnaður alltaf að vera frádráttarbær. Ráðuneytið getur fallist á að ekki sé rétt að fella brott mótframlag úr stofninum enda launagreiðanda skylt að greiða það.

b. Efnis- og birgðakostnaður.

Gerð er athugasemd við að 6. liður 1. mgr. 5. gr. er felldur brott þar sem segir: „Annar rekstrarkostnaður, þ.m.t. efniskostnaður, kostnaður við birgðir og þess háttar sem stofnað er til beint í tengslum við rannsóknarstarfsemi“. Að mati KPMG er hér gengið út frá því að þessari breytingu sé ætlað að koma í veg fyrir að fyrirtæki nýti sér styrkinn til þess að koma sér upp birgðum fyrir framtíðarstarfsemi, sem ekki teljist nauðsynleg fyrir þá rannsóknar- og/eða þróunarvinnu sem styrknum er ætlað að taka til.

KPMG bendir á að ýmis nýsköpun, svo sem þróunar- og/eða rannsóknarvinna á lyfjum og tækjabúnaði, krefst þess að fjárfest sé í ákveðnu magni efnis og birgða. Mikilvægt er að aðilar sem sinna slíkri vinnu geti talið efnis- og birgðakostnað sem hluta af styrkhæfum kostnaði, í þeim tilvikum sem slíkur kostnaður varðar í raun þróunar- og/eða rannsóknarvinnu. KPMG telur að skilgreina þurfi því með skýrum hætti hvort slíkur kostnaður falli þá í staðinn undir 4. eða 5. tölulið 5. gr. reglugerðarinnar, svo gætt sé jafnræðis og gagnsæis í framkvæmd.

Ráðuneytið bendir á að breytingin er gerð til einföldunar enda er í 5. tölul. að finna sama orðalag um „annan kostnað sem stofnað er til beint vegna rannsóknarverkefnis“, án þess þó að tiltaka þau dæmi sem nefnd eru í umsögninni. Að mati ráðuneytisins geta birgðir, þ.e. eignir sem haldið er vegna vinnslu og/eða sölu, talist styrkhæfur kostnaður enda tengjast þær beint rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Kostnaður vegna kaupa á eignum, s.s. hráefni eða tækjum, í þeim tilgangi að rannsaka eða þróa vöru, myndi alla jafna falla undir beinan

kostnað, jafnvel þótt kostnaðurinn væri flokkaður sem birgðir. Birgðir, þ.e. efni eða eignir til sölu, er hins vegar alla jafna ekki styrkhæfur kostnaður. Að mati ráðuneytisins eykur sú breyting sem hér er lögð til gagnsæi um hvað teljist til beins kostnaðar við nýsköpun.

c. Skilgreining á styrkhæfum rannsóknar- og/eða þróunarkostnaði.

KPMG telur mikilvægt að gætt sé samræmis í orðalagi 5. gr. reglugerðarinnar þegar fjallað er um það sem nefnt er í 1. gr. reglugerðarinnar „rannsóknar- eða þróunarverkefni“. Á ýmsum stöðum í 5. gr. reglugerðarinnar, svo sem í 2., 3. og 5. mgr., er einungis vísað til „rannsóknarverkefnis“ við skilgreiningu á styrkhæfum rannsóknar- og/eða þróunarkostnaði, en ekki vísað til „rannsóknar- eða þróunarverkefnis“ líkt og gert er í 1. gr. reglugerðarinnar. Gæta verður þess að ekki megi túlka ákvæði 5. gr. sem svo að einungis kostnaður við rannsóknarvinnu, en ekki við þróunarvinnu, skuli teljast styrkhæfur. Í þessu samhengi er vert að benda á að hugtakið „rannsóknir“ annars vegar og hugtakið „þróun“ hins vegar eru skilgreind með ólíkum hætti í 3. gr. reglugerðarinnar og því ekki alltaf víst hvort verkefni falli einungis undir „rannsóknarverkefni“ eða „þróunarverkefni“, eða þá bæði. Ráðuneytið vill í þessu sambandi taka fram að með breytingu á orðalagi í lögnum, sbr. og/eða sem og í drögum að reglugerð þessari er áréttað að lögin sem og reglugerðin taki bæði til rannsóknar- og þróunarverkefna.

3. Regluleg hugbúnaðaruppfærsla.

Fram kemur hjá SI að skv. a. lið 3. gr. er „regluleg hugbúnaðaruppfærsla“ gerð undanþegin starfsemi sem talist getur til þróunar enda í eðli sínu hluti af almennum rekstri fyrirtækja sem telst ekki til þróunar. Að mati samtakanna getur orðalag ákvæðisins falið í sér víðtæka túlkun hver séu mörk þróunar og uppfærslu hugbúnaðar, m.a. að teknu tilliti til skilgreiningar á hugtakinu þróun í 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Samtökin leggja til að ákvæðið sé skýrt betur.

Að mati ráðuneytisins er um að ræða tilgreiningu sem tekin er í dæmaskyni er varða breytingar sem geta talist til eðlilegs hlutar af almennri starfsemi fyrirtækis sem geti leitt af sér umbætur. Ákvæðið er óbreytt að öðru leyti.

4. b. liður 3. gr.

Fram kemur hjá SI að breytt orðalag liðarins skapi rými fyrir mjög víðtæka túlkun, sbr. viðbótarorðalag: með nýjum og verulegum endurbættum hætti.

Að mati ráðuneytisins er um að ræða skýrara orðalag en áður, sem nefnir að „*umbætur, breytingar og/eða viðbætur við vöru fyrirtækis, þjónustu eða framleiðsluferla, þegar ekki er um að ræða þróun nýrrar þekkingar, nýrrar færni eða nýtingu núverandi þekkingar á nýjan hátt.*“. Með nýju orðalagi er undirstrikað með skýrari hætti að umbætur og breytingar teljist almennt ekki til þróunar nema um sé að ræða þróun með nýjum og verulega endurbættum hætti.

5. Öflun einkaleyfa.

Í umsögn SI kemur fram að það sé með öllu óljóst, og skortir frekari rökstuðning á, hver ávinningur með sem og/eða ástæða þess að undanskilja öflun einkaleyfa sbr. e. lið 3. gr. undan áður nefndri skilgreiningu ákvæðis á þróun.

Ráðuneytið áréttar að hér er verið að gera breytingu í samræmi við úrskurðafrákvæmd, sbr. úrskurð yfirskattanefndar nr. 100/2019. Kostnaður sem þessi hefur ekki verið talinn styrkhæfur, þ.e. kostnaður sem lagt er í til að afla einkaleyfis á vöru.

6. e. liður 5. gr.

SI vekur athygli á því að sú breyting er fram kemur í e. lið reglugerðardraganna stangast að einhverju leyti á við fyrrnefnt ákvæði e. liðar 3. gr. reglugerðarinnar sem kveður á um að sérfræðipekking við öflun einkaleyfis sé undanþegin styrkhæfi.

Að mati ráðuneytisins er hér gerður greinarmunur á kostnaði sem fellur til við öflun einkaleyfa vegna eigin verkefna sem varða framtíðartekjuöflun af einkaleyfisverndaðri uppfinningu og svo kaup á eignarrétti að einkaleyfum tengdum afurðum eða þekkingu. Kostnaður vegna þess síðarnefnda getur talist styrkhæfur en þó aðeins að svo miklu leyti sem fyrningu nemur. Hér er ekki um að ræða efnisbreytingu enda er kaupverð (stofnverð) á eignarrétti til einkaleyfis aldrei frádráttarbær kostnaður, heldur aðeins fyrningin sbr. 33. gr. og 37. gr. laga um tekjuskatt.

Þá gerir SI athugasemd við fyrirhugaða breytingu á 6. gr. reglugerðarinnar varðandi það að bætt sé við að samanlagður styrkur frá opinberum aðilum, bæði innlendum sem erlendum, skuli ekki fara yfir þær takmarkanir sem ákvæðið tilgreinir. Að mati samtakanna er með ákvæðinu verið að þrengja að möguleikum íslenskra fyrirtækja að sækja í sameiginlega sjóði í Evrópu til að mynda, og auka þannig samkeppnishæfni sína, og þ.a.l. mögulega til frekari verðmætasköpunar. Það hljóti að teljast hagur íslenskra nýsköpunarfyrirtækja sem og hagkerfis Íslands að hvetja til rannsókna og þróunar á því stigi að félög sjái sér hag í því að sækja um styrki frá stórum alþjóðlegum nýsköpunarsjóðum án þess að það dragi úr mögulegum skattfrádrætti vegna rannsókna og þróunar innanlands. Leggja samtökin til að ákvæði 6. gr. verði fellt út.

Að mati ráðuneytisins er talið rétt að tryggja að ákvæðið taki til alls opinbers stuðnings, óháð uppruna sem kemur í veg fyrir óvissu. Margir opinberir aðilar s.s. Evrópusambandið og Norðurlandaráð veita styrki til íslenskra aðila vegna rannsóknar- og þróunarverkefna. Að mati ráðuneytisins er rétt að slíkur fjárhagslegur stuðningur sé hluti af heildarútreikningi á hámarksstyrk samkvæmt íslenskum lögum, til að tryggja að ekki sé farið fram úr þeim mörkum sem lögin kveða á um.